



Vefstefna sveitarfélagsins Skagafjarðar

Heimasíða sveitarfélagsins Skagafjarðar, www.skagafjordur.is, hefur fyrst og fremst það hlutverk að veita íbúum sveitarfélagsins upplýsingar um stjórnslu og starfsemi sveitarfélagsins. Þar eru birtar fréttir af menningar- og samfélagstengdum viðburðum ásamt fréttum af starfsemi stofnana sveitarfélagsins. Lögð er áhersla á að birta vandað og fjölbreytt efni í formi texta, mynda og myndbanda.

Vefurinn nýtist ekki síður starfsmönnum sveitarfélagsins, þar sem upplýsingar eru aðgengilegar á einum stað, s.s. fundargerðir, gjaldskrár, reglur og samþykktir og fréttir úr starfi.

Á heimasíðunni er boðið upp á þann möguleika að íbúar og aðrir geti sent inn ábendingu um það sem betur megi fara í sveitarfélaginu. Skjalastjóri sér til þess að ábendingar berist til þess sem ber ábyrgð á efni ábendingarinnar hverju sinni.

Áhersla er lögð á einfalt og aðgengilegt viðmót á heimasíðu með það að leiðarljósi að allir geti með auðveldum hætti fundið upplýsingar og rafræna þjónustu, s.s. umsóknir í íbúagátt.

Samfélagsmiðlar gegna sífellt stærra þjónustuhlutverki og geta verið góð leið til að miðla upplýsingum á fljótlegan og einfaldan hátt til íbúa. Samskipti þar eru með óformlegri hætti en á heimasíðu en ávallt skal sýna virðingu og kurteisi í framsetningu efnis. Sveitarfélagið Skagafjörður hefur samþykkt sérstakar leiðbeiningar um notkun samfélagsmiðla á vegum sveitarfélagsins sem ætlaðar eru fyrir starfsmenn sem hafa aðgang að miðlum á vegum sveitarfélagsins.

Samþykkt í atvinnu-, menningar- og kynningarnefnd 24. nóvember og í sveitarstjórn 14. desember 2022

Málsnr. 2208268